



Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 9. október 2017 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson formaður og Rebekka Eiríksdóttir. Egill Sigurgeirsson mætti ekki. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 1 blaðsíða.

Formaður bauð fólk velkomið og setti fundinn. Formaður spurði eftir öðrum málum á dagskrá, ekkert mál barst. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1510008 - Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar, vinnslutillaga til umsagnar.

Nefndin fór yfir vinnslutillögu og gerir ekki athugasemdir við hana. Nefndin lýsir yfir ánægju með þá vinnu sem unnin hefur verið við svæðisskipulagsgerðina. Samþykkt samhljóða.

2. 1710014 - Stjórnsýslukæra nr. 114/2017, vegna byggingaleyfis fyrir Tröllenda 1A.
Kæra til Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála, afrit sent frá nefndinni 6. október 2017.

Erindi og kæra lögð fram. Skipulagsfulltrúa falið að senda nefndinni umbeðin gögn og greinargerð.

Skipulagsfulltrúa falið að grenndarkynna óverulega breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. samanber 44. gr. laga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.

3. 1710015 - Rannsóknarnefnd samgönguslysa.
Erindi til kynningar frá nefndinni, sent frá Hafnasambandi Íslands 2. október 2017.

Lagt fram og kynnt.

4. 17101022 - Hafnasamband Íslands, 397. fundur.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 11.10
